

Skólaráðsfundur 18.03.2026

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk fulltrúi kennara, Embla Ósk og Guðný Björg fulltrúar nemenda, Ása fulltrúi foreldra, Konný fulltrúi kennara, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Margrét fulltrúi grenndarsamfélags og Elsa Marta fulltrúi foreldra.

1. mál – Skóladagatal

Lítið eftir af skóladagatali, skólastjóri fór yfir sérstaka daga sem eftir eru á skóladagatali. Farið yfir skóladagatal næsta skólaárs og skólaráð samþykkir.

2. mál – Skólapúlsinn og moodup

Farið yfir niðurstöður núna þegar 2/3 nemenda eru búnir að taka Skólapúlsinn. Niðurstöður hafa farið batnandi en við erum enn að vinna úr niðurstöðum.

Foreldrakönnunin kemur sérlega vel út, margar tölur sem eru yfir landsmeðaltali.

Helst þarf að halda áfram að vinna með líðan nemenda og einelti.

Suðurnesjabær leggur fyrir starfsfólk moodup könnun sem kemur vel út.

3. mál – Húsnæðismál

Skólasel, Skýið og Skýjaborg stefna á það að fara yfir í húsnæði sem áður hýsti á Leikskólann Sólborg.

4. mál – Skólsuð

Fundur í FS þar sem farið er yfir nemendur sem útskrifuðust á síðasta skólaári og námsárangur á fyrstu önn í FS.

5. mál – Fréttir úr skólastarfinu

Stöðu- og framvindupróf eru tekin í 4., 6. og 9. bekk hjá okkur á þessu skólaári. Á næsta ári er stefnan að allir bekkir frá 4. bekk taki prófin.

Dýrabær árshátíð 3. – 6. bekk gekk sérstaklega vel. Árshátíð yngri gekk líka vel.

Íþróttamaráðun gekk vel hjá 10. bekk og páskabingóin hjá 9. bekk.

Lífshlaup nemenda gekk vel og hópurinn var í 2. sæti varðandi fjölda daga í sínum flokki.

Stóra upplestrarkeppnin gekk vel, nemandi frá okkur var í 2. sæti.

6. mál – Foreldrafélagið

Stefnt á samveru eftir páskafrí. Vorhátíðin á plani, foreldrafélagið sér um að grilla pylsur.

7. mál – Nemendaráð

Skólablaðið í vinnslu, búið að vera bollukappát, bleikar pönnukökur og verðlaun fyrir unglunga sem voru í búning á öskudeginum.

Stefnt á skautuferð eftir páska.

8. mál – Önnur mál

Barnahátíðin Skelin verður haldin aftur í ár 13 . - 19. apríl.